

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Laugardalur Laugardalur, Húsavík



Dags eftirlits	7.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Laugardalur	Eftirlitsmaður	
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elvar Árni Lund	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Trausti Aðalsteinsson	Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlit. Þau varða daglegan frágang úrgangs, innri vöktun og skráningar, skilum á skráningum og vöktun á stöðu og samsetningu grunnvatns. Engar ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Laugardal við Húsavík í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Í Laugardal er heimild til urðunar á 700 tonnum af úrgangi á ári. Innan þeirrar heimildar eru 500 tonn af óvirkum úrgangi og 200 tonn af garðúrgangi. Óheimilt er að urða spilliefni og allan þann úrgang sem fellur undir 8 gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Gildistími starfsleyfis er til 16.12.2031.

Samkvæmt skráningum rekstraraðila sem skilað var inn í gagnagátt Umhverfisstofnunar voru urðuð 149 tonn í Laugardal árið 2022.

Fyrir á árinu samþykkti Umhverfisstofnun úrbótaáætlun vegna fjögurra eldri frávika sem voru opin. Hefur þremur af fjórum frávikum verið lokað. Eitt frávik stendur enn opið. Það frávik er frá grein 4.3 í starfsleyfi, og snýr að því að úrgangur sem hafði verið lagður í urðunarrein hafi ekki verið bygður með þekjuefni og skyldi bygður samdægurs. Við eftirlit nú, kom í ljós þyrping úrgangshauga sem þarf að bygja.

Við eftirlit var farið yfir ákvæði starfsleyfis og fulltrúi rekstraraðila beðinn um kynna sér vel skráningar og skiladaga þess, þar sem mannabreytingar hafa orðið nýlega. Aðgangur að urðunarstað er takmarkaður og tiltölulega falinn af landslaginu í kring, vel af girtur og hlið læst. Hafa verið settar upp jarðvegsmanir sem snúa í átt að hafi, til að takmarka sjónræn áhrif urðunarstaðarins frá þeim sem sigla þar framhjá.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Frá grein 4.3 í starfsleyfi:

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal bygður samdægurs með þekjuefni og skal einnig halda vinnslufleti í lágmarki hverju sinni. Við eftirlit voru nokkrir úrgangshaugar sem ekki var búið að þekja yfir.

Frá grein 5.1. í starfsleyfi:

Skráningar á innra eftirliti rekstraraðila liggja ekki fyrir. Vantar upplýsingar úr liðum 2.-6. sem teknar eru saman í grein 5.1. í starfsleyfi. Upplýsingar um veðurfar liggja einnig ekki fyrir. Er hægt að styðjast við upplýsingar frá nálægri veðurstöð ef sá möguleiki er fyrir hendi.

Frá grein 5.2. í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal vakta stöðu og samsetningu grunnvatns eftir mælingaáætlun í starfsleyfi. Mælingar skulu fara fram einu sinni á ári, fyrir 1. okt. Hæð grunnvatnsborðs skal mæld tvisvar á ári, fyrir 1.maí og 1.okt.

Frá grein 5.4. í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Einnig skal senda afrit á heilbrigðisnefnd svæðisins. Skráningum vegna ársins 2022 hefur ekki verið skilað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

